

## Ágætu félagsmenn

Fulltrúafundur Auðhumlu var haldinn 7. nóv. sl. Ekki verða honum gerð full skil í stuttri grein en stiklað verður á aðalatriðum.

Sala mjólkurvara hefur verið góð það sem af er árinu og er október sl. besti sölumánuður ársins. Vörulpróun og framleiðsla hefur gengið vel.

Afkoma Auðhumlu (samstæðu) fyrstu 8 mánuði ársins var erfið og nam tapið 404 millj. Rekstur síðustu 2 mánuði tímabilsins þ.e. júlí og ágúst sýndu batamerki. Í apríl var farið í hagræðingaraðgerðir sem eru farnar að skila tilætluðum árangri. 1. nóvember tók gildi ný verðlagning mjólkurvara. Jafnframt er unnið að tímabundnu rekstrarátaki MS nú. Markmið með þessum aðgerðum er að koma rekstri MS í jafnvægi. Rekstrarátætlun MS 2009 gerir ráð fyrir að hagnaður verði 240 millj.

Við núverandi aðstæður er öll áætlanagerð háð mikilli óvissu og ljóst er að hvergi má slaka á til að ná settu marki.

Eigið fé Auðhumlu 31. ágúst sl. er 7592 millj. þar af er stofnsjóður félagsmanna 2573 millj. Staða Auðhumlu er traust þrátt fyrir erfiðan rekstur MS síðustu tvö ár. Það mun skipta sköpum

fyrir félagsmenn að eiga traust afurðasölufyrirtæki á þessum óvissu tímum.

Dómur Hæstaréttar 30. október 2008.

„Dómsorð: Áfrýjandi, Auðhumla svf, er sýkn af kröfum stefnda, Félagsbúsins Hálsi. Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.“

Dóminn í heild er hægt að skoða á vef Hæstaréttar nr. 129/2008.

Það er fagnaðarefni að komin er niðurstaða í stofnsjóðsmálið og að málarekstri því tengdu sé lokið.

Staða margra framleiðanda er erfið, skuldir miklar og gríðlegar hækkanir á aðföngum hjá þeim. Stjórn Auðhumlu hefur ákveðið að þeir sem óska eftir frestun á afborgun lána hjá félaginu geti fengið þá fyrirgreiðslu í allt að 6 mánuði. Ennfremur voru vextir lækkaðir um 1,3% stig frá 10. nóvember.

Umframjólk og útflutningsmál voru mikið til umræðu á fundinum. Lágmarksverð á yfirstandandi verðlagsári er 40 kr á lítra og verður næst endurskoðað 1. febrúar n.k. Það er ljóst að það verð er of lágt og ná þarf betri árangri með útflutninginn og að því er unnið.

Við endurskipulagningu skrifstofuhalds MS var ákveðið að færa afurðabókhald og bændavískipti til Auðhumlu. Starfsmenn Auðhumlu Garðar



Eiríksson og Guðmundur Theodórsson munu sinna þessum störfum á skrifstofu sem staðsett verður á Selfossi. Einnig munu þeir sjá um félagaskrá, lánamál félagsmanna og fl. sem tengist rekstri Auðhumlu.

Staða landbúnaðar er nú allt önnur en verið hefur um langt árabil og mikilvægi þess að í landinu sé rekin öflug matvælavinnsla er augljós. Til þess þurfa bæði bændur og afurðasölufyrirtæki að hafa eðlilegan rekstrargrundvöll, og fáir notið þeirrar hagræðingar sem orðið hefur í greininni á umliðnum árum

Kveðja,  
Egill Sigurðsson

Á stjórnarfundum Auðhumlu þann 5. nóvember var samþykkt að lækka vexti á kvótalanum í 7,5%. Einnig geta þeir sem þess óska fengið að fresta afborgunum í allt að sex mánuði.

# Útdráttur úr dómi Hæstaréttar nr. 129/2008

Stefnandi var Félagsbúið Hálsi, Hálsi, Kjósarhreppi sem krafðist þess að viðurkennt yrði með dómi að breytingar á 11. gr. samþykktu Mjólkursamsölnunar í Reykjavík svf., og samþykkt á bráðabirgðaákvæði því samfara, á aðalfundi hennar þann 8. mars 2002, þannig að stefnanda var gert að innleysa séreign sína í séreignarsjóði hennar í júní sama ár, hafi verið ólögætar, og bakað stefnda skaðabótaskyldu gagnvart stefnanda.

Þann 18. febrúar 1987 gerðu Gísli Andrés-son, Ingibjörg Jónsdóttir, Jón Gíslason og Sólrún Þórarinsdóttir með sér samning um félagsbúskap en þau höfðu allt frá árinu 1976 rekið félagsbú á Hálsi í Kjósarhreppi. Eftir andlát Gísla og Ingibjargar ráku Sólrún og Jón félagsbúið áfram tvö ein. Mjólkurframleiðsla félagsbúsins var lögð inn hjá Mjólkursamsölnunni í Reykjavík og var félagsbúið því félagsaðili í Mjólkursamsölnunni í Reykjavík. Stefndi hætti mjólkurframleiðslu á árinu 1999 og er síðasta mjólkurinnlegg hans frá 3. mars á því ári.

Stefnandi kveðst hafa ákveðið að óska ekki eftir útborgun á séreign sinni þegar hann hætti mjólkurframleiðslu á árinu 1999, heldur óvaxta fé sitt í samræmi við ákvæði 11. gr. samþykktanna.

Á aðalfundi Mjólkursamsölnunar í Reykjavík 8. mars 2002 var samþykkt að breyta 11. gr. samþykktu félagsins þannig að hlutdeild í séreignarsjóði væri greidd út árið eftir að eigandi hlutdeildar hætti framleiðslu mjólkur.

Mjólkursamsalan í Reykjavík sendi stefnanda bréf í júní 2002 þar sem vísað var í aðalfund Mjólkursamsölnunar í Reykjavík 8. mars 2002

og breytingar sem gerðar voru á 11. gr. samþykktanna. Í bréfinu segir að samkvæmt ákvæði til bráðabirgða skuli framleiðendur sem hætt hafi mjólkurframleiðslu á árinu 2001 eða fyrr eigi síðar en 1. júlí árið eftir fá greidda hlutdeild sína í séreignarsjóði eins og hún stóð í árslokauppgjöri 31. desember 2001. Sú inneign fylgdi bréfinu í ávísun. Þá sagði að framsal ávísunarinnar myndi skoðast sem kvittun fyrir móttöku á inneign í sjóðnum. Ættu upplýsingar um að stefnandi væri hættur mjólkurframleiðslu ekki við rök að styðjast var þess óskað að hann endursendi ávísunina. Stefnandi móttók inneignina án sérstakra formlegra mótbára.

Á aðalfundi Mjólkursamsölnunar í Reykjavík 19. mars 2004 var tillaga samþykkt um að 548.908.188 krónur yrðu færðar af óbundnu eigin fé Mjólkursamsölnunar í Reykjavík í séreignarsjóð félagsins. Fjárhæðin skyldi deilast á séreignarsjóðseigendur í hlutfalli við séreignarsjóðseign þeirra um áramótin 2003 til 2004, þó þannig að allir þeir sem lagt hefðu inn mjólk á árinu 2003 fengju hlutdeild í hækkuninni. Með þessu væri nýtt heimild í ákvæði II til bráðabirgða í lögum nr. 22/1991, en ákvæðið hafði komið inn með lögum nr. 22/2001. Meðalséreign hvers séreignarsjóðseiganda jókst mikið við þessa breytingu.

Á fulltrúaráðsfundi Mjólkursamsölnunar í Reykjavík 28. desember 2006 var samþykkt tillaga um að 1.500.000.000 krónur yrðu færðar af óbundnu eigin fé Mjólkursamsölnunar í stofnsjóð félagsins samkvæmt 4. mgr. 38. gr. laga nr. 22/1991. Fjárhæðin skyldi

deilast á félagsaðila í hlutfalli við stofnsjóðseign í árslok 2006, þó þannig að allir þeir sem lagt hefðu inn mjólk á árinu 2006 fengju hlutdeild í hækkuninni.

Stefnandi kvað tjón sitt vera fólgið í því að breytingar á samþykktum Mjólkursamsölnunar í Reykjavík, sem haft hefðu í för með sér innlausn á séreign stefnanda, hafi orðið þess valdandi að stefnandi hafi farið á mis við þau verulegu fjárhagslegu verðmæti sem fylgt hafi inneignum félagsaðila við endurmat og hækkunar á séreignarhlutum. Frá sjónarhóli stefnanda væri óumdeilt að ef hann hefði átt þess kost að eiga áfram séreignarsjóðsinnseign sína hefði hann gert það, enda hafi honum verið ljóst að fyrirhugaðar eignatilfærslur myndu leiða til verulegrar hækkunar á séreignarsjóðsinnseign hans eins og raunin hafi síðar orðið hjá öðrum félagsmönnum.

Stefndi tók án fyrirvara við greiðslu inneignarinnar og fólst kvittun fyrir henni í framsali tékka, sem fylgdu bréfinu. Með þessu staðfesti stefndi í verki útgöngu sína úr félaginu. Af þessum sökum stoðar honum ekki að bera því nú við að annmarkar hafi verið á breytingum á samþykktum mjólkursamsölnunar, sem ákveðnar voru 8. mars 2002 og hann hreyfði engum athugasemdum við um nærri fimm ára skeið. Verður því að sýkna áfrýjanda af kröfum hans.

## Dómsorð:

Áfrýjandi, Auðhumla svf., er sýkn af kröfum stefnda, Félagsbúsins Hálsi. Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

## Breytingar á Auðhumlu

Í tengslum við skipulagsbreytingar hjá Mjólkursamsölnunni hefur stjórn Auðhumlu ákveðið að skilja rekstur Auðhumlu betur frá rekstri Mjólkursamsölnunar en verið hefur.

Auðhumla flutti alla starfsemi sína að Austurvegi 65 á Selfossi þann 15. nóv s.l. Auðhumla svf. er samvinnufélag bænda og tekur á móti allri mjólk frá framleiðendum og afreiknar til þeirra. Önnur starfsemi er eignarhald, fasteignastarfsemi víðs vegar um landið, útlán til framleiðenda, fjárvarsla,

bókhald og fjárreiður þessu tengt. Síðan en ekki síst er haldið utan um félagaskrá og félagsleg málefni.

Forstöðumaður skrifstofunnar er Garðar Eiríksson. Auk hans starfar þar Guðmundur Theodórsson hagfræðingur. Garðar og Guðmundur störfuðu áður hjá Mjókurbúi Flóamanna og síðan hjá Mjólkursamsölnunni ehf. við skyld störf. Símanúmer verða sem hér segir:

Garðar Eiríksson  
480-1606  
gardare@audhumla.is

Guðmundur Theodórsson  
480-1608  
gth@audhumla.is

Fax 480-1610

## Fulltrúaráðsfundur Auðhumlu svf.

Fulltrúaráðsfundur Auðhumlu var haldinn föstudaginn 7. nóvember 2008 að Hótel Loftleiðum og hófst kl. 12:45. Fundarstjórarar voru Eggert Pálsson og Skúli Einarsson og fundarritari Ólöf Lilja Eypórsdóttir, starfsmaður MS. Alls mættir 84 fulltrúar og varafulltrúar af 85.

Í ræðu formanns Egils Sigurðssonar greindi hann frá erfiðum rekstri samsteypunnar. Taprekstur hafi verið fyrstu átta mánuði ársins en fari hægt batnandi og að síðustu tveir mánuðir hafi sýnt batamerki þrátt fyrir versnandi rekstrarumhverfi. Þá var farið yfir hagræðingaradrgerðir, verðlagsmál og stöðu útlutnings. Egill fjallaði um starfslokasamning Guðbrandar Sigurðssonar og að hann hafi verið byggður á ráðningasamningi hans.

Þrátt fyrir erfiðan rekstur þá er eiginfjárstaða og efnahagur Auðhumlu mjög sterkur.

Egill færði þakkir fyrir stuðning sem stjórninni hafi verið sýnt við þessar breytingar sem aldrei væru óumdeildar.

Framleiðsla mjólkur árána 2007 og 2008 er nánast sú sama en þó veruleg aukning miðað við 2004 og 2005. Sala á mjólkurvörum hefur verið góð og október er besti mánuðurinn í sölu á árinu.

Kynnt var ný vörubrúnarstefna Mjólkursamsölunnar en í upphafi ársins var ákveðið að auka framboð á sykurminni vörum sem væru jafnframt án sætuefna og með meira magni af ávöxtum. Þá var greint frá því að Mjólkursamsölnni hefur verið boðið að kynna vörubrúnarstefnu sína um leið og heilbrigðisráðuneytið mun kynna nýja heilsustefnu ríkisstjórnarinnar.

Vinnuhópar störfuðu seinni hluta fundarins og ræddu ýmis mál, má þar nefna: Útlutningsmál, upplýsingamál, fjöldi fulltrúa í fulltrúaráði Auðhumlu og hugleiðingar um ESB aðild og að það væri komin



upp sú staða að menn yrðu að taka upp umræðu um þessi ESB mál. Niðurstöður hópavinnu munu verða innlegg í störf stjórnar á komandi mánuðum.

## MS Akureyri endurnýjar mjólkurbíla

Á síðustu mánuðum hefur MS Akureyri endurnýjað mjólkurbílaflota sinn. MS leggur áherslu á að starfsemin hafi sem minnst neikvæð áhrif á umhverfið, og í samræmi við það eru nýju bílarnir mun umhverfisvænni en þeir gömlu. Þar skiptir olíueyðslan auðvitað meginmáli, en fleiri þættir koma þar einnig við sögu. Þannig uppfylla vélarnar í nýju bílunum svonefndan Euro-4 mengunarvarnastaðal Evrópusambandsins, og reyndar gott betur í sumum tilvikum.

Svifryk hefur verið mikið í umræðunni síðustu mánuði og ár. Í þeim efnum standa nýju bílarnir sig sjöfalt betur en þeir gömlu, þar sem svifrykið sem frá þeim kemur er aðeins 1/7 af því sem áður var. Gömlu bílarnir uppfylltu svonefndan Euro-2 staðal, sem þýddi að svifryk í útblæstrinum mátti vera allt að 0,15 grömmum á kílóvattstund, (en það er mælieiningin sem notuð er í þessu sambandi).

Svifryk frá nýju bílunum er hins vegar aðeins 0,02 g/kWst. Sömuleiðis losa nýju bílarnir aðeins 3,5 grömm af köfnunarefnisoxíðum á hverja kWst, samanborið við 7,0 grömm frá gömlu bílunum. Þá er kolmónoxíðmengun frá bílunum ekki mælanleg, jafnvel þó að Euro-4 staðallinn leyfi losun upp á 1,5 g/kWst. Gömlu bílarnir losuðu hins vegar allt að 4 g/kWst. Loks má nefna rokgyörn kolvetni, (sem þekkjast af þynnislýktinni), en þau eru einnig nánast horfin úr útblæstri bílanna. Þar er losunin um 0,01 g/kWst, sem er reyndar bara 1/46 hluti af því sem staðallinn leyfir og minna en 1/100 af því sem kom frá gömlu bílunum.

Nýju mjólkurbílunum fylgir nákvæmur efnislisti og ráðleggingar um hvað sé hægt að gera við einstaka hluti þegar þeir ganga úr sér. Samkvæmt þeim lista ætti að vera hægt að koma a.m.k. 95% af bílunum í endurvinnslu

þegar þeir hafa lokið hlutverki sínu. Þá fylgir einnig nákvæm skýrsla um efni, vatn og orku, sem notað var við framleiðsluna. Þar kemur m.a. fram, að við framleiðslu á einum bíl fellur til rúmt tonn af úrgangi, en þar af fara aðeins um 50 kg í urðun. Þarna sést einnig, að við framleiðslu á hverjum bíl þarf um 10.000 kWst af orku, en það er svipað og tvö íslensk heimili nota á einu ári, að upphitun frátalinni.


MS Akureyri er stolt af því framlagi til umhverfisins, sem felst í endurnýjun bílaflotans og veitir gjarnan frekari upplýsingar um málið.

Stefán Gíslason,  
umhverfisstjórnunarfræðingur MSc,  
framkvæmdastjóri UMÍS ehf. Environice  
Bjarnarbraut 8, 310 Borgarnes  
S: 473 2311 / 862 0538  
stefan@environice.is www.environice.is


## Samanburður á frumutölu árin 2008 og 2007 hjá innleggjendum MS



## Samanburður á líftölu árin 2008 og 2007 hjá innleggjendum MS



## Innvigtun mjólkur á landinu eftir vikum



## Útgefandi Auðhumla og MS

Ábyrgðarmaður:  
Magnús Ólafsson

Ritstjóri:  
Garðar Eiríksson, gardare@audhumla.is

Ekki er leyfilegt að vitna í Sveitapóst Auðhumla og MS á opnum vettvangi.

Upplýsingar um rekstur félagsins og önnur skyld efni má nálgast hjá forstjóra, Magnúsi Ólafssyni, í síma 569 2200.

## Sala á mjólkurvörum í september 2008

Október	Sala þús. 2007	Sala þús. 2008	Mism. þús kr.	Mism. %	Sala ltr/kg 2007	Sala ltr/kg 2008	Mism. ltr/kg	%
1. Ferskvörur	584.528	722.643	138.115	23,6%	4.268.252	4.716.716	448.464	10,51%
2. Ostar og smjörvörur	441.885	598.897	157.012	35,5%	681.872	765.355	83.483	12,24%
<b>Samtals:</b>	<b>1.026.413</b>	<b>1.321.540</b>	<b>295.127</b>	<b>28,8%</b>				

Jan-okt	Sala þús. 2007	Sala þús. 2008	Mism. þús kr.	Mism. %	Sala ltr/kg 2007	Sala ltr/kg 2008	Mism. ltr/kg	%
1. Ferskvörur	5.706.948	6.558.300	851.352	14,9%	41.670.299	42.611.275	940.976	2,26%
2. Ostar og smjörvörur	4.141.377	5.064.971	923.594	22,3%	6.219.755	6.549.173	329.418	5,30%
<b>Samtals:</b>	<b>9.848.325</b>	<b>11.623.271</b>	<b>1.774.946</b>	<b>18,0%</b>				

## Innvigtun og nýting greiðslumarks á verðlagsárinu 2008-2009

Landið október:	2008-2009	2007-2008	Mismunur	Hlutfall
Samtals:	19.353.776	18.539.255	814.521	4,39%
Greiðslumark	119.000.000	117.000.000	2.000.000	1,71%
Nýting greiðslumarks	16,26%	15,85%		
Landið janúar-október:	2008	2007	Mismunur	Hlutfall
Samtals:	106.286.862	105.334.446	952.416	0,90%

## Vikunnlegg síðustu 5 vikurnar:

Landið síðustu 5 vikur:	2008	2007	Mismunur	Hlutfall
42	2.161.985	2.149.060	12.925	0,60%
43	2.158.936	2.145.071	39.774	0,65%
44	2.161.743	2.151.903	9.840	0,46%
45	2.196.436	2.179.849	16.587	0,76%
46	2.218.833	2.184.102	34.731	1,59%
<b>Samtals:</b>	<b>10.897.933</b>	<b>10.809.985</b>	<b>87.948</b>	<b>0,81%</b>

## Yfirlit mælinga hjá MS

Tímabil V/MM/ÁÁ-V/MM/ÁÁ	Fita	Prót	Kas.	Ffs.	Úre.	Fmk.	Líftala MFM	Frumut.	Frumut. MFM	Fjöldi
1/10/08 - 4/10/08	4.10	3.47	2.69	0.8	6.6	-0.543	17	258	237	2.743

## Líftala í þúsundum hjá MS

% sýna í hverjum flokki miðað við líftölu						
Mánuður	0-40	0-75	0-400	401-600	601-3000	yfir 3000
September	88,55	95,84	99,42	0,18	0,40	0,00